# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

DESEMBER 2014

12. tbl. 21. árg.



Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga



Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6





Snjóföl á jörð lýsir skammdegismyrkrið en sólin nær að varpa rauðleitum eftirmiðdegisgeislum á fjallsbrún og skapar jólastemningu í Breiðholti.
Mynd: Rut Káradóttir.


PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345



Sveinsbakarí
Hólagarði og Arnarbakka



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Iceland



Gjafakort Landsbankans

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00



Jólatilboð

Fjallalambs
Úrb.Hangiframpartur
Úrb.Hangilæri
20% afsláttur við kassa

Svínarifjasteik
Verð áður 1.398 kr./kg.
Verð núna 998 kr./kg.

Jólaostakaka
Verð áður 1.398 kr.
Verð núna 1.198 kr.

Kjöris
Karamellu ísterta
0,9 lítra
Verð áður 1.279 kr.
Verð núna 698 kr.

Svínabógur
Verð áður 879 kr./kg.
Verð núna 649 kr./kg.

MS
Jólabrie
Verð áður 739 kr.
Verð núna 698 kr.




Þín verslun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
12. tbl. 21. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti


# Með Breiðholtsstæl

Nichole Leigh Mosty leikskólastjóri og formaður hverfisráðs Breiðholts ritar grein um tækifæri Breiðholtsins í þetta tölublað en hún mun rita reglulega um Breiðholtið og málefni þess í Breiðholtsblaðið á næstunni. Nichole er fædd og uppalin í Bandaríkjunum og hefur því sýn hins aðkomna á byggðina – menn og málefni í Breiðholtinu. Í greininni segir hún m.a. af upplifun sinni af að koma úr allt öðru umhverfi og þurfa að aðlagast nýjum aðstæðum í Breiðholtinu og áhyggjum af því að sér tækist það ekki. Þessar áhyggjur hafi þó dvínað fljótt og hún áttað sig á hversu dásamlegt og einstakt það er að búa í Breiðholti.

Í greininni fjallar Nichole um hvernig ná má árangri og bendir á ýmsar leiðir fyrir Breiðhyltinga til þess. Í því efni nefnir hún einkum þrjá þætti – valddreifingu, samþættingu og framþróun. Hún segir að í Breiðholti standi vilji til að breyta og bæta þá þjónustu sem íbúum er veitt og að afleiðingar þess verið hugsanlega bætt lífsgæði en það sé eitt af skilgreindum hlutverkum hverfisráðs. Hún segir framþróun sterkustu sókn Breiðhyltinga sem byggðar eða hverfis. „Þegar við hugsum um framþróun viljum við efla nýsköpun og framfarir, við viljum hugsa út fyrir kassann og finna nýjar leiðir til þess að mæta ólíkum þörfum einstaklinga. Það er afar mikilvægt að þjónustuaðilar geti boðið upp á úrræði sem endurspegla þarfir fólks út frá því hvar þau eru stödd í lífinu og sem er í takt við síbreytilegt samfélag," segir hún í grein sinni.

Flest sem stendur í grein Nichole á sér samhljóm í þeirri ritstjórnarstefnu sem Breiðholtsblaðið hefur reynt að ástunda á undanförnum árum. Rætt hefur verið við fjölda fólks sem sagt hefur frá uppvexti sínum í Breiðholtinu og einnig búskap og aðstæðum þar. Undantekningarlítið hefur fólk lagt byggðinni gott eitt til og margir bent á þá sérstöðu sem þessi mannflesti borgarhluti býr yfir. Þrátt fyrir það má margt bæta eins og Nochole bendir réttilega á og verður slíku starfi aldrei lokið þar sem þróunin er síbreytileg.

Breiðholtið er blandað en einnig þétt samfélag þar sem fólk finnur samhljóm í mörgu. Það hefur ýmis tækifæri til þess að skapa fyrirmyndar aðstæður en til þess að svo megi verða þarf fólk að vinna saman. Nichole bendir á að nú sé unnið að aðgerðaráætlun fyrir forvarnarstefnu og heilsueflandi samfélagi sem er hluti af þeim umbótum sem ætíð er unnt að vinna að.

Að undanförnu hefur mátt sjá margt gerast í Breiðholtinu. Ýmis starfsemi er að flytjast þangað og eflast. Unnið hefur verið að umbótum á umhverfinu m.a. með listskreytingum og tækifærum hefur verið fjölgað – ekki síst þeim er lúta að menntun og menningarlegum efnum. Gamalt tal og neikvætt um Breiðholtið er á hröðu undanhaldi vegna þess að það á ekki við nein rök að styðjast. Nichole bendir á að hún muni stíga fram sem formaður hverfisráðsins og bjóða nýja íbúa velkomna í Breiðholtið. „Í sameiningu getum við búið til þennan lífsstíl sem ég þekkti fyrir löngu, þar sem ég steig út fyrir dyrnar og mætti lífi og menningu, en við skulum gera það með Breiðholtsstæl," segir formaður hverfisráðs Breiðholts.






# Hólabrekkuskóli 40 ára




Boðið var upp á glæsilega og ljúffenga tertu í tilefni afmælisins. Hér er andlitsskreyttur nemandi að skera fyrstu sneiðina.

**Fjörutíu ára afmæli Hólabrekkuskóla var fagnað með hátíðardagskrá og skemmtilegri sýningu í skólanum laugardaginn 29 nóvember. Gamlir og nýir nemendur, foreldrar og starfsfólk heimsóttu skólann og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. Í tilefni afmælisins var sett upp sýning í skólanum þar sem skólastarf fyrr og nú kom við sögu. Einnig voru settar upp gamlar myndir af nemendum sem glöddu þá sem komu í heimsókn í gamla skólann sinn.**

Dagskrá hófst kl. 11.00 með ávarpi skólastjóri en nemendur skólans skemmtu síðan gestum með dansi og tónlist. Gestum var boðið upp á andlitsmálun og ýmsa leiki og afhjúpað var veggllistaverk sem allir nemendur og starfsmenn skólans höfðu unnið að en alls eru 485 nemendur í Hólabrekkuskóla sem allir tóku þátt í afmælishátíðinni ásamt foreldrum og starfsfólki.



Skólastarf fyrr og nú heitir glæsileg sýning sem sett var upp í Hólabrekkuskóla.

## Þemadagar í tilefni af afmælinu

Í tilefni af 40 ára afmæli skólans voru þemadagar haldnir í skólanum dagana 26. til 28. nóvember sl. og einnig var efnt til svonefnds öfugdags þar sem nemendur og starfsmenn mættu í fötunum á röngunni eða jafnvel í krummaskóm og sumir gengu afturábak. Daginn eftir var hattadagur þegar allir mættu með hattinn sinn. Á litadeginum síðasta degi þemavikunnar urðu svo allir að mæta í fánalitum skólans sem er hvítur og blár. Í frímínútum mánudaginn 24. nóvember í upphafi afmælisvikunnar kom Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í heimsókn í Hólabrekkuskóla og tók þátt í leikjum, þar á meðal töfrakassanum sem er nokkuð flókinn og tókst honum að skora eitt mark. Foreldrar komu einnig i heimsókn þann dag og voru sum þeirra liðtæk meðal annars í kubb og eltingaleik og a.m.k. ein mamma hljóp um skólalóðina sem bófi. Sá leikur sem var einna vinsælastur var að kasta í dollur og þar borgaði sig greinilega að endurnýta það sem til fellur í skólanum því dollurnar komu úr mötuneytinu. Í þessum leik þurftu foreldrarnir að æfa sig meira



Gamlir og nýir nemendur skemmtu sér á afmælishátíðinni. Myndir Katrín K.

því nemendurnir voru betri en nokkuð jafnt var á milli nemenda og foreldra í kubb. Sápukúlur svifu yfir skólalóðina meðan á frímínútunum stóð.


breiðholt.is



netto
Í JÓLASKAPI

# JÓLABÆKLINGUR NETTÓ KOMINN ÚT!

Bæklingurinn í heild sinni er aðgengilegur á netto.is




NÝTT
KORTATÍMABIL

## Tilboðin gilda 11.-17. des 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

VIÐTALIÐ

# Lambaselið er stærsti happdrættisvinningurinn

**Breiðholtsbúar taka virkan þátt í bókaútgáfu fyrir jólin. Bókaútgáfan Hólar er til húsa í Seljahverfi og þar býr einnig Guðni Einarsson, höfundur bókarinnar Hreindýraskyttur sem Hólar gáfu nýlega út. Hún geymir frásagnir tíu karla og kvenna af hreindýraveiðum á Íslandi og Grænlandi frá því fyrir miðja síðustu öld til dagsins í dag. Leiðsögumaður hreindýraveiðimanna gefur góð ráð um undirbúning veiða og útbúnað. Einnig er þar kafli um fyrirkomulag úthlutunar leyfa til hreindýraveiða á 20. og 21. öld en það hefur mikið breyst frá því sem áður var. Bókin er prýdd landakortum og fjölda mynda.**

Viðmælendur Guðna eru Axel Kristjánsson hrl., Gunnar A. Guttormsson bóndi, Guttormur Sigbjarnarson jarðfræðingur, Sigrún Aðalsteinsdóttir, fv. húsvörður, Aðalsteinn Aðalsteinsson bóndi, Þorgils Gunnlaugsson, bóndi, María B. Gunnarsdóttir rannsóknamaður, Pálmi Gestsson leikari, Sæunn Marinósdóttir viðskiptafræðingur og Sigurður Aðalsteinsson sem er leiðsögumaður hreindýraveiðimanna líkt og þeir Aðalsteinn og Gunnar.



Nestisstopp á Sauðárflugvelli. Guðný Erla Guðnadóttir og Guðni Einarsson gæða sér á söltuðu hrossakjöti.
Ljósmynd/Helgi Guðnason.

## Af hverju Breiðholtið

Guðni er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Hann fór frá Eyjum eftir landspróf í Menntaskólann við Hamrahlíð en fór heim á sumrin og vann þar í fiski. Guðni er nú blaðamaður á Morgunblaðinu. Hann er kvæntur Guðfinnu Helgadóttur viðskiptafræðingi og eiga þau fjögur uppkomin börn og fimm barnabörn. Breiðholtablaðið settist niður með Guðna á dögunum og ræddi við hann um veiðar og annað lífshlaup, árin í Breiðholtinu og jólahald í æsku. En hvað kom til að þau fluttu í Breiðholtið?

## 19 ár á Kjalarnesi

„Við bjuggum 9 ár í Grundarhverfi á Kjalarnesi. Ég kunni mjög vel við mig þar og átti mjög góða nágranna. Á Kjalarnesi naut maður kosta dreifbýlisins og nálægðarinnar við þéttbýlið. Kjalarnes er sveitin í borginni. Náttúran er við bæjardyrnar og veðráttan minnti mig á Vestmannaeyjar. Þar festir sjaldan snjó og þegar hvessir þá er það alvöru blástur. Svo eru þar líka miklar stillur. Ég var með bát og það var stutt að skreppa á sjóinn. Maður sofnaði við öldugjálfur og vaknaði við fuglasöng," segir Guðni. „Börnin fóru svo að flytja að heiman eitt af öðru þegar þau festu ráð sitt eða fóru utan til náms."

## Lambaselið er stærsti happdrættisvinningurinn

Guðni segir að herbergjanýtingin í húsinu þeirra hafi verið orðin nokkuð slæm og fannst þeim orðið tímabært að fara að líta í kringum sig eftir hentugra húsnæði nær borginni. Þá voru auglýstar lóðir til umsóknar í Lambaseli árið 2005. Þau sóttu um, líkt og nærri sex þúsund aðrir, og voru dregin út. „Það var stærsti happadrættisvinningurinn sem við höfum fengið til þessa," segir Guðni. „Við seldum húsið á Kjalarnesi og byggðum minna hús í Lambaseli sem hentaði okkar þörfum. Yngsti sonur okkar, Einar Jóhannes, lauk grunnskóla í Seljaskóla og fór síðan í Fjölbrautaskólann í Breiðholti og lauk þaðan stúdentsprófi í vor. Hann náði sér í konu úr Fellahverfinu og þau eru á leið til náms í Ástralíu. Við kunnum vel við okkur í Seljahverfi. Hér er veðursælt og stutt í alla þjónustu. Við höfum kynnst hér góðu fólki og eignast góða nágranna."

## Ógleymanleg hreindýraveiðiferð

En hvað kom til að þú skrifaðir bók um hreindýraveiðar?„Ég hafði stundað fuglaveiðar og langaði að prófa hreindýraveiðar. Ég kynntist Sigurði Aðalsteinssyni frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal í gegnum starf mitt á Morgunblaðinu en Sigurður hefur lengi verið fréttaritari og ljósmyndari fyrir austan. Ég kom mér upp búnaði til hreindýraveiða og sótti fyrst um hreindýraveiðileyfi 1998 en fékk ekki í fyrstu umferð. Leyfið fékk ég árið eftir og fór þá í fyrsta sinn á hreindýr. Helgi sonur minn, sem þá var 17 ára, fór með mér. Veiðiferðin varð okkur báðum ógleymanleg. Það má alveg segja að við höfum heillast af þessum veiðiskap, náttúrunni fyrir austan og ekki síst fólkinu sem við kynntumst," segir Guðni. Hann kvaðst hafa sótt um hreindýraveiðileyfi á hverju ári síðan og hafa farið þegar hann hefur fengið leyfi. Helgi gerðist einnig hreindýraskytta og hefur Guðni farið með honum þegar Helgi hefur fengið leyfi en Guðni ekki.

## Löng ganga 2013

Þú hlýtur að hafa lent í einhverjum ævintýrum á hreindýraveiðum? Segðu frá einu slíku.

„Ég segi gjarnan þegar ég er spurður hvað sé svona heillandi við hreindýraveiðar að þær séu ævintýri. Mér finnst allar veiðiferðirnar vera mjög eftirminnilegar, hver með sínum hætti," segir Guðni. Hann rifjaði upp veiðiferðina 2013.

„Ég hafði ekki haft heppnina með mér í nokkur ár þar til ég fékk veiðileyfi í fyrra á tarf á svæði 1. Ég átti pantaðan veiðidag 1. september. Helgi sonur minn og Guðný Erla, yngri dóttir mín, sem bæði eru með skotvopnaleyfi, fóru með mér. Sigurður á Vaðbrekku var leiðsögumaður. Þegar við komum austur voru þar hjón sem höfðu ekki enn náð að veiða sitt dýr. Fyrsta daginn ókum við um Brúaröræfin þver og endilöng en þar átti að vera þokkalegur tarfahópur. Við fórum inn með Hálslóni vestanverðu og alla leið inn að Sauðárflugvelli. Svo vestur úr og þvers og kruss út heiðarnar án þess að sjá hreindýr. Þrátt fyrir það var þetta góður dagur og gaman að fara þarna um. Daginn eftir var vitað af dýrum talsvert langt inn af Vopnafirði. Við fórum inn með upptökum Selár eftir gamalli torfærri slóð sem lá með símalínu sem þarna var. Þar sáum við fimm til sex hundruð dýra hjörð og var mikið far á henni. Við eltum þessa hjörð fram og til baka. Hún var stygg og óróleg og hnappaði sig saman. Það voru fínir tarfar þarna, en þeir héldu sig alltaf í miðri þvögunni og gáfu aldrei færi á sér. Þennan dag gekk ég eina 18 kílómetra, án þess að hleypa af skoti. Þriðja daginn fórum við út undir Grímsstaði á Fjöllum og þaðan eftir þessari sömu slóð inn á Haugsöræfi. Nú hafði hjörðin skipt sér og þarna var um 200 dýra hópur. Aðrir veiðimenn voru búnir að veiða úr hjörðinni þegar við komum. Við eltum hópinn sem stoppaði á miðjum víðáttumiklum rennisléttum mel. Það var ómögulegt að komast að dýrunum óséður. Önnur skytta sem var með mér átti að skjóta fyrst. Loks fóru dýrin af stað og hin skyttan náði tarfi. Við eltum dýrin enn lengra og þar greiddist úr hjörðinni. Ég var búinn að koma mér fyrir og fékk færi á einum af stóru törfunum og felldi hann. Það er flottasti tarfur sem ég hef fellt. Algjört naut og sannkallaður höfðingi sem eflaust var búinn að gegna sínu hlutverki svo um munaði. Þegar við komum aftur í bílinn var ég búinn að ganga eina 15 km þennan dag."

## Full bók af ævintýrum

Í bókinni segja menn væntanlega einnig frá ævintýrum á fjöllum?„Bókin er full af ævintýrum," segir Guðni. „Í hópi viðmælenda minna eru veiðimenn sem stunduðu hreindýraveiðar á annarri öld, í fleiri en einni merkingu. Aðalsteinn Aðalsteinsson frá Vaðbrekku hóf sínar hreindýraveiðar á fermingarárinu, 1946, og er enn að. Hann segir frá því þegar veiðimenn fóru á hestum eða fótgangandi upp á heiðar, gistu í gangnakofum og veiddu hreindýr út á kvóta sem úthlutað var á bæina. Aflinn var fluttur til byggða á hestum. Sigrún systir hans varð líklega fyrst íslenskra kvenna til að veiða hreindýr og hún segir frá því ævintýri. Gunnar A. Guttormsson og Guttormur Sigbjarnarson tóku þátt í veiðunum 1954 en þá var fyrsta stóra veiðileyfaúthlutunin á 20. öldinni og veiddu þeir upp í kvóta síns sveitarfélags. Þorgils Gunnlaugsson, frá Sökku í Svarfaðardal, fór ásamt félögum sínum frá Dalvík á hreindýraveiðar 1959. Þeir fengu veiðileyfi til að kynna sér nýtingu hreindýra. Það þótti svo fréttnæmt að menn færu úr Svarfaðardal austur að veiða hreindýr að það birtist frétt um veiðiferðina á baksíðu Morgunblaðsins. Axel Kristjánsson fór í sína fyrstu hreindýraveiðiferð 1963 og hann fór með sínum

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.
Kebab eXpress
Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza
Sími: 557 1414
Coca-Cola

mönnum á veiðar á liðnu hausti. Er enn að. Axel á örugglega lengstan feril íslenskra sportveiðimanna á hreindýr og er búinn að fella yfir 50 dýr. Fyrstu veiðiferðir hans og veiðifélaga hans voru einnig farnar á hestum. Þetta voru miklir leiðangrar. Mér fannst mikilvægt að varðveita veiðisögur þessa fólks sem kynntist hreindýraveiðum sem voru gjörólíkar því sem við þekkjum í dag. Sigurður Aðalsteinsson tók mikinn þátt í því sem ég kalla atvinnuveiðar, þegar menn veiddu mörg dýr í hverri veiðiferð út á leyfi sveitabæja eða sveitarfélaga. Hann er búinn að veiða hreindýr í 40 ár og hefur verið leiðsögumaður hreindýraveiðimanna frá því að það kerfi var tekið upp 1992. Sigurður gengur undir viðurnefninu Veiðimeistarinn og það ekki að ástæðulausu. Aðrir viðmælendur mínir, þau María, Pálmi og Sæunn byrjuðu að veiða hreindýr á þessari öld. Þau segja fjölbreyttar sögur frá veiðum hér á landi og Grænlandi, þar sem þær María og Sæunn hafa báðar veitt. Mér finnst það koma vel fram að engar tvær veiðiferðir eru eins og hver veiðimaður upplifir þetta á sinn hátt."

## Veiðimennska er ekki sama og drápseðli

Þú ert trúaður og tekur þátt í kirkjulegu starfi. Faðir þinn, sá nafnkunni maður Einar í Betel í Vestmannaeyjum og síðar í Fíladelfíu í Reykjavík, hefur væntanlega haft þar sitt að segja. Skarast trúin og „drápseðlið" ekkert? „Veiðimennska er ekki sama og drápseðli," svarar Guðni. „Mér finnst spænski heimspekingurinn José Ortega y Gasset útskýra það vel í hugleiðingum sínum um veiðar. Hann sagði eitthvað í þá veru að hann veiddi ekki til þess að drepa en yrði að drepa



**Á Haugsöræfum Sigurður Aðalsteinsson leiðsögumaður og Guðni við hreintarfinn sem féll á Haugsöræfum 2013. Ljósmynd/Helgi Guðnason.**

til að hafa veitt. Ég veit að sumir veiðimenn upplifa ákveðna sorg þegar dýrið deyr, eins og kemur fram í bók minni. Maður gleðst yfir góðum afla en kætist ekki yfir að hafa tekið líf. Það má heldur ekki gleyma því að t.d. hreindýraveiðar eru liður í því að stýra stærð hreindýrastofnsins. Ákveðinn fjöldi hreindýra er felldur á hverju ári til þess að tryggja velferð þeirra sem eftir lifa og viðgang stofnsins."

Guðni kvaðst ekki gera neinn greinarmun á því að veiða dýr með heitt eða kalt blóð. Hann benti á að Íslendingar séu veiðiþjóð og hér búi margar þúsundir veiðimanna, langflestir þeirra séu fiskimenn. „Dettur einhverjum í hug að það sé drápseðli sem knýr sjómenn á sjó dag eftir dag, ár eftir ár," spyr Guðni. „Menn gleðjast yfir góðum afla en syrgja ekki þá milljarða lífa sem t.d. ein makrílvertíð kostar. Faðir minn heitinn og eins föðurafi minn, Gísli Jónsson, voru fiskimenn og frístundabændur. Pabbi átti lengi byssu. Fjárhúsin voru á lóðinni hjá okkur á Arnarhóli í Vestmannaeyjum. Kindurnar voru félagar okkar og vinir og við þekktum þær allar með nafni. Engu að síður var hluta þeirra lógað á hverju hausti. Það gladdist enginn yfir því að þurfa að fella kindurnar en afurðirnar af þeim voru nýttar til heimilisins. Það var bara gangur lífsins.

Móðurafi minn, Sigurmundur Einarsson, var mikill bjargveiðimaður og veiddi lunda og stundaði eggjatöku. Hann gerðist síðar trúboði. Ég hef líklega erft veiðieðlið úr báðum ættum. Trú mín bannar mér ekki að stunda veiðar en hún kennir mér að bera virðingu fyrir lífinu. Þess vegna deyði ég ekki dýr að óþörfu og nýti vel þá bráð sem ég veiði. Svo má minna á það að þegar Jesús Kristur valdi sér lærisveina þá valdi hann ekki síst veiðimenn – fiskimenn – og kvaðst mundi gera úr þeim mannaveiðara. Veiðarnar kenna manni margt sem kemur sér vel í lífinu, ekki síst í trúarlífinu!"

## Að láta gott af sér leiða

Ekki er hægt að skilja við þig á þessum árstíma án þess að biðja þig um stutta sögu sem tengist jólunum. „Bernskujólin á Arnarhóli koma fyrst í hugann. Þótt jólahaldið væri með fábrotnara sniði þá en nú þá voru jólin stórkostleg hátíð líkt og þau eru enn. Jólahaldið hófst með því að við fórum til kirkju. Áður en við borðuðum á aðfangadagskvöld las pabbi jólaguðspjallið úr gamalli Vajsenhús-Biblíu, sem prentuð var 1747. Hjá okkur voru alltaf svið á aðfangadagskvöld og hangikjöt á jóladag. Þetta var allt verkað heima. Svo voru pakkarnir opnaðir. Við fengum bæði mjúka og harða pakka. Það tilheyrði að fá bók í jólagjöf. Eftir að við fluttum suður og pabbi tók við Fíladelfíu voru jólin mikill annatími, bæði heima og í kirkjunni. Heima voru gestir í mat alla jóladagana. Þetta voru ekki fjölskylduboð í hefðbundnum skilningi heldur var leitast við að bjóða einstæðingum og fólki sem var fjarri sínum nánustu á jólunum. Þessir gestir fengu líka jólagjafir. Það var einnig reynt að hjálpa þeim sem bjuggu við þröngan kost, voru sjúkir og syrgjandi. Jólin eru hátíð ljóss og friðar en ekki græðgi og eigingirni. Það tilheyrir sönnu jólahaldi að láta gott af sér leiða."







# Bryndís Malla í Seljakirkju

**Biskup Íslands hefur ákveðið að skipa sr. Bryndísi Möllu Elídóttur í embætti prests í Seljakirkju. Sr. Bryndís Malla hefur undanfarin ár starfað sem héraðsprestur við Breiðholtskirkju.**

Fyrsta guðsþjónustan hennar í Seljakirkju verður þriðja sunnudag í aðventu, auk þess sem hún mun þjóna í miðnæturguðsþjónustunni á aðfangadag. Hún mun svo byrja af fullum krafti frá og með 1. janúar næstkomandi!



Bryndís Malla Elídóttir prestur í Seljakirkju.



Þéttsetinn bekkur á aðalfundi ÍBB í Gerðubergi.

# Fjölmennur aðalfundur Betra Breiðholts

**Íbúasamtökin Betra Breiðholt héldu aðalfund 12. nóvember síðastliðinn í Gerðubergi. Samtökin voru stofnuð 28. september 2006 og eru því orðin átta ára. Í upphafi fundar setti Helgi Kristófersson formaður fundinn og stakk Helgi upp á Óskari Dýrmundi Ólafssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófaklappi. Síðan tóku við venjuleg aðalfundarstörf og gengu þau fljótt og vel fyrir sig. Helgi fór yfir rekstur ársins og baráttumál síðustu ár s.s. Göngubrú yfir Breiðholtsbraut – frá Seljahverfi yfir í Fellahverfi, Gatnamót Breiðholtsbrautar og Bústaðavegar, göngustígar í Breiðholti, skíðalyfta er komin í lag og ætti ekki að vera vandamál að setja hana í gang þegar fyrsti snjór kemur, hann gerði að umtalsefni listaverk í Breiðholti og þá jákvæðni sem fylgir Breiðholtinu nú.**



Helgi Kristófersson flytur skýrslu um rekstur ársins. Til hliðar situr Magnús Magnús Gunnarsson gjaldkeri ÍBB.

Því næst fór Magnús Gunnarsson gjaldkeri ÍBB yfir reikninga ársins. Stjórnarkjör gekk fljótt fyrir sig. Að því loknu voru afhentar gjafir til bókasafna skóla í Breiðholtinu og jafnframt fengu leikskólar gjafir. Skólar hverfisins eru sex og þeir fengu að gjöf bókina Lífríki Íslands sem er mjög vegleg og mikil bók. Jafnframt fengu þeir músarmottur sem eru framleiddar í Múlalundi. Það kom fram að í öllum skólum hverfisins vantaði þessa bók og jafnframt hafði komið fram að mikill skortur væri á músamottum. Skólarnir eru Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli og Fjölbrautarskólinn. Leikskólarnir eru í 14 húsum og fékk hvert hús gjafabréf frá Krumma sem er verslun í Grafarvogi en við þessa verslun eiga allir leikskólarnir viðskipti. Gjafabréfin eru að upphæð 10.000 krónur hvert og jafnframt fengu forráðamenn þeirra leikskóla sem komu á fundinn pecs möppu sem er framleidd í Múlalundi. Pecs mappa er notuð til að auðvelda börnum sem eiga í samskiptaörðuleikum samskipti við aðra. Jafnframt fengu þeir músamottu.

## Margt að gerast í Breiðholti

Næstur var gestur kvöldsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri en hann fór yfir málefni hverfisins og var þar víða komið við. Hann fór yfir mörg verkefni sem hafa verið í gangi í hverfinu og nefndi sem dæmi um jákvæða hluti eins og listaverk í hverfinu. Hann minnist á Fellastíg og samvinnuverkefnið vegna hans – unnið með nemendum. Skólalóðir – Hólabrekkuskóli – Fellaskóli – Seljaskóli – Breiðholtsskóli – Ölduselsskóli. Breiðholtið stærsta listasafn landsins – gaflar blokka notaðir. Myndir af máluðum undurgöngum sem málaðar voru af nemendum – FB fremstur framhaldsskóla í listageiranum – hlutfallslega flestir sem komast í listaháskólann eru úr FB. Það eru mörg flott útilistaverk í Seljahverfi – mikil list í Breiðholti og meðal annars eitt framsæknasta hljóðver landsins. Í Breiðholti eru um 100 leiksvæði og kannski helst til of mörg þar sem öllum þarf að halda við og endurnýja. Frisbívöllur í Elliðaárdal. Fyrirhuguð líkamsræktarstöð við Sundlaug í Efra Breiðholti. Samningur um nýjan frjálsíþróttavöll ÍR svæði á næstu árum – en ekki er komið á skipulag en er í samningum. Stærsta frjálsíþróttadeild í Evrópu. Afrek Leiknis að komast í úrvaldsdeild. Komið er nýtt gólf í Austurberg – en ÍR sér um rekstur tveggja íþróttahúsa í Breiðholti. Hann minntist á Breiðholtsverkefni með ráðningu hverfisstjóra og með öllum stofnunum og fyrirtækjum hverfisins. Gerðuberg og miklar framkvæmdir þar. FabLab verkefni í anda og þróað af MIT í Fellagörðum. Íbúðir í KRON og Nýlistasafnið.

## Spurt um framkvæmdir við Breiðholtsskóla

Eftir þetta gátu íbúar komið með spurningar til Borgarstjóra og komu þá fram mörg málefni sem liggja á íbúum og var reynt að fá svar við sem flestum spurningum en þau svör sem ekki komu verða sett inn á Facebook síðu Íbúasamtakanna. Spurt var t.d. um framkvæmdir við Breiðholtsskóla en það hefur dregist fram úr hófi og er beðið eftir því að viðbygging verði byggð því eins og staðan er nú þá eru sex stofur í skúrum í kringum skólann. Degi var afhent þau erindi sem send hafi verið inn vegna ástandsins í Breiðholtsskóla en foreldrafélag skólans hefur lagt mikla vinnu í þetta mál.

## Um 80 manns á fundi

Að lokum vill formaður ÍBB þakka fyrir frábæran fund og góða þátttöku íbúa en það komu um 80 manns. Það var boðið upp á kaffi og bakkelsi og rétt að þakka starfsfólki Gerðubergs fyrir alla aðstoðina. Þessir fundir eru mjög hentugir fyrir fólk sem vill koma með umfjöllun um það sem er jákvætt eða það sem betur má fara í hverfinu. Helgi vill hvetja fólk til að koma á þessa fundi því þar gefst tækifæri á að koma sínu á framfæri. Stjórn Íbúasamtakanna vill þakka fyrir ánægjulegt ár og óskar íbúum í Breiðholti alls hins best á nýju ári og vonandi komum við sem flestu góðu í gegn.



## GERÐUBERGSSAFN

Sunnudaginn 14. desember kl. 14

### Jólaleikur

Leikhúsið 10 fingur sýnir leikrit um jólaguðspjallið. Brúður eru í aðalhlutverkum en einnig fá áhorfendur að taka þátt. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.



### Jóladagatalið 2013

Á hverjum degi fram að jólum verður hægt að fara inn á jóladagatalið á **borgarbokasafn.is** og svara léttri spurningu. Nöfn þeirra barna sem taka þátt fara í sameiginlegan pott og eftir jólin verður dregið úr og nokkrir heppnir þátttakendur fá viðurkenningu.



### Safnbúð

Skemmtilegar vörur eru nú komnar í safnbúðina okkar. Lína langsokkur, Einar Áskell og fleiri koma þar við sögu!

### Gleðilega hátíð!

Starfsfólk Gerðubergssafns þakkar gestum sínum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða, með ósk um gleðiríka hátíð og farsæld á komandi ári.

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

**Gerðubergssafn,** sími 557 9122 - gerduberg@borgarbokasafn.is

**www.borgarbokasafn.is**
www.bokvit.tumblr.com - www.bokmenntir.is - www.artotek.is

**Opið**: mán-þri og fim 10-18, mið 10-21, fös 11-18 og lau og sun 13-16



# Stærstur hluti verkanna seldist

**Góð sala var á listaverka-uppboði sem Nýlistasafnið stóð fyrir á dögunum þar sem sjötíu verk eftir virta og þekkta listamenn voru í boði. Stór hluti verkanna seldist og var hæst boðið í ljósmynd eftir bandaríska listamanninn Matthew Barney eða um ein milljón króna.**

Verkin til uppboðsins voru gefin af ýmsum listamönnum. Þar á meðal Matthew Barney, Rúrí, Ragnari Kjartanssyni, Brynhildi Þorgeirsdóttur, Steingrími Eyfjörð, Sigurði Guðmundsson og Hallgrími Helgasyni en með uppboðin var verið að safna fé fyrir nýjum sýningarsal. Nýlistasafnið er til húsa og með starfsstöð í Völvufelli í Breiðholti en ætlunin er að koma upp annarri sýningaraðstöðu til viðbótar við þá sem er í Völvufellinu. Ljóst að með uppboðinu hefur safnið færst nær því markmiði sínu.



Frá innsetningu í Nýlistasafninu í Völvufelli en tengist ekki uppboðinu með beinum hætti.










# Alltaf nóg að gerast í Árskógum

**„Alltaf nóg að gerast í Árskógum," sagði Ágústa Halldóra Gísladóttir forstöðumaður þegar Breiðholtsblaðið hafði samband við hana um daginn. Ég skal senda ykkur nokkrar myndir."**

Hún sagði að alltaf væri spilað til vinninga í félagsvistinni á mánudögum og til gamans væri bæði spiluð vist og bridge á miðvikudögum. „Handavinnan alltaf jafn vinsæl, en þar er hún Steinunn Káradóttir sem er leiðbeinandi. Útskurðurinn er líka á fullu og margir að leggja lokahönd á jólagjafirnar undir handleiðslu Einars Jónassonar leiðbeinanda." Ágústa kvaðst að lokum vilja hvetja alla unga sem aldna og einnig á besta aldri að mæta í spilamennskuna og bætti við að þeir sem ekki hefðu áhuga á spilum gætu bara komið í kaffi og til þess að spjalla. En myndirnar eru orðum ríkari um stemninguna í félagsstarfinu í Árskógum.



Vinningshafar í félagsvist í Árskógum.



Félagsvist er spiluð öll mánudagskvöld í Árskógum



Ekki má gleyma heilsurækinni í Árskógum.



Þórhanna Guðmundsdóttir vinnur að jólaföndri.



Margt fallegt verður til á Smíðastofunni þar sem Einar Jónsson veitir kennslu og leiðsögn.



# LANGAR ÞIG TIL ORLANDO




## KAUPTU 1 KG ÖSKJU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FERÐ FYRIR 4*

Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Síríus, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á konfektleikur@noi.is.

**Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.*

ÁRNASYNIR

### DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

| 30. nóvember: | 7. desember: | 14. desember: | 21. desember: |
|---|---|---|---|
| ORLANDO FERÐ FYRIR 4 | ORLANDO FERÐ FYRIR 4 | ORLANDO FERÐ FYRIR 4 | ORLANDO FERÐ FYRIR 4 |

Quality Cocoa for a Better Life

**Sjálfbærni og samfélagsábyrgð**

Nóa konfekt er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓA Konfekt



# Stærsti kvöldskóli landsins

**Kvöldskóli FB eru nú stærsti kvöldskóli landsins með yfir 500 nemendur. Kvöldskólinn er opinn fyrir alla og fer þar fram öflugt nám, bæði bóklegt og verklegt.**

Hér á myndinni má sjá Pál Jóhannsson undibúa sig fyrir sveinsspóf, en hann lýkur námi á húsasmíðabraut núna fyrir jól. Á hinni myndinni er verið að smíða söluskála fyrir Íþróttafélagið Leikni.



# ÍR og Gæfuspor fá styrk úr Heita pottinum

**Eitt skemmtilegasta hlutverk sem ég fæ að sinna sem formaður hverfisráðs er að styðja við hugmyndir ykkur um þróun hér í hverfinu. Núna fyrstu viku í desember fékk ég þann heiður að vinna með Ágústu Hjálmtýsdóttur umsjónarmanns Prjónakaffis í Gerðubergi og Ágústu H. Gísladóttur verkefnisstjóra félagsstarfs í Breiðholti og rýna í hugmyndir tengdum opnu félagsstarfi og úthluta styrkjum í verkefni sem ber heitið "Heiti potturinn".**

Heiti potturinn er sjóður sem styrkir verkefni sem fela í sér nýsköpun og nýbreytni í félagsstarfi í Breiðholti. Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi. Markmið Heiti potturinn er að auka þátttökur og virkni, auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar, efla fræðslu og miðlun upplýsinga og rækta félagsauð og auka fjölbreyti í opnu og sjálfbæru félagsstarfi í Breiðholti. Í Breiðholti er rekið öflugt og opið félagsstarf í Árskógum og Gerðubergi, með því að bjóða upp á styrk. Við viljum hvetja og styðja við að íbúar hverfisins stigi fram og sýni frumkvæði í að láta hugmyndir sínar verða að veruleika.



Ágústa Hjálmtýsdóttir umsjónarmaður prjónakaffis í Gerðubergi, Ágústa H. Gísladóttir umsjónarmaður félgsstarfsins í Árskógum og formaður félagsstarfs í Breiðholti og Nichole Leigh Mosty formaður hverfisráð og leikskólastjóri í leikskólanum Ösp.



Öflugur hreyfihópur í ÍR.

## Áhöld fyrir hreyfihóp fullorðinna

Að þessu sinn fengu tvö verkefni styrk að upphæð 200.000 kr hvort. Verkefnin eru framsækin og eflandi fyrir þátttakendur. Ég er afar stolt að tilkynna hér að ÍR fékk styrk til kaupa á áhöldum sem nýtist hreyfihópi fullorðinna og Gæfuspor til að halda námskeið til að stuðla að þátttöku og virkni.

ÍR-hópurinn sem telur að jafnaði 25 til 30 manns æfir í ÍR-heimilinu tvisvar í vikur. ÍR hefur frá upphafi lagt til húsnæði, æfingaáhöld, tæki og aðra aðstöðu fyrir hópinn án endurgjalds. Ekki er greitt fyrir kennsluna því meðlimir hópsins sjá alfarið sjálfir um stjórnun og kennslu. Styrkurinn var veittur til að þessi sjálfbæri hópur sem nýtur aðstöðu há ÍR geti haldið áfram að vaxa og dafna.

## Meiri virkni í félagsstarfi

Verkefni Gæfuspora er einnig verkefni sem er nú þegar í gangi og er að skila góð árangur. Verkefnið er 10 vikna námskeið og eins árs eftirfylgni þar sem þátttakendur eiga aðgengi að sameiginlegu félagsstarfi. Markmið verkefnið er að efla þátttöku og virkni kvenna í félagslegu starfi sem lið í því að vinna með andlega líðan kvenna. Verið er að styrkja virkni og þátttöku með hugleiðslu og jóga.

Ég vil óska styrkþegum og þátttakendum í þessum verkefnum velfarnaðar, ég hlakka til þess að fylgjast með þróun verkefnanna. Ég vil einnig hvetja fleiri til að vera vakandi fyrir auglýsingum tengdum styrkjum vegna þróunarverkefna hér í hverfinu og hjá Reykjavíkurborg sem hægt er að framkvæma hér í Breiðholti. Það eru okkar hugmyndir sem þróa og byggja Betra Breiðholt.






# HAPPDRÆTTI
# KNATTSPYRNUDEILDAR ÍR

## Taktu vel á móti sölumönnum okkar

# Frábærir vinningar!

1 TOYOTA - inneign í nýjan eða notaðan - **100.000 kr.**
1 REBOOKFITNESS - árskort - **65.400 kr.**
1 HÆGINDASTÓLL - **64.900 kr.**
1 ICELANDAIR - flugmiði fyrir 2 til Evrópu - **64.000 kr.**
3 MORGUNBLAÐIÐ - 3.mán.áskrift - **42.120 kr.**
5 VEIÐIKORTIÐ 2015 - **34.500 kr.**
2 GÁSKI - árskort í líkamsrækt - **68.000 kr.**
1 VODAFONE - gjafabréf - **30.000 kr.**
1 PROMENNT - gjafabréf - **15.000 kr.**
10 NIVEA - gjafaöskjur - **29.000 kr.**
10 NIVEA - gjafaöskjur - **29.000 kr.**
2 CINTAMANI - bakpoki - **25.800 kr.**
2 HEILSA - gjafaöskjur - **20.000 kr.**
2 JAKO / NAMO - gjafabréf - **20.000 kr.**
1 TENGI - gjafabréf - **15.000 kr.**
1 ÞÍN VERSLUN SELJABRAUT - gjafabréf - **15.000 kr.**
1 LEIKSPORT - fótboltaskór - **13.900 kr.**
1 SJÁÐU - gleraugaverslun - gjafabréf - **12.900 kr.**
2 BYKO - kaffikönnur - **12.000 kr.**
2 BYKO - brauðristar - **12.000 kr.**
1 LEIKSPORT - Jako íþróttagalli - **12.000 kr.**
2 FISKBÚÐ HÓLMGEIRS - gjafabréf - **10.000 kr.**
2 SMÁRATÍVOLÍ - 2x 1 klst - **7.960 kr.**
1 LEIKSPORT - fjölskylduspil - **7.000 kr.**
2 NINGS - gjafabréf - **6.000 kr.**
10 KNATTSPYRNU OG HANDKN.DEILD ÍR - ársmiðar - **420.000 kr.**
2 WORLD CLASS- 3 mánaða kort - **62.380 kr.**

**Verð: 1000.-**

3000 miðar

**Dregið 02.02.2015**



**Heildarverðmæti vinninga er:**
**1.213.860**

# Frímerkið var samskiptamiðill fyrri tíma

**Sigtryggur Rósmar Eyþórsson vann til alþjóðlegra gullverðlauna fyrir frímerkjasafn sitt í Seoul í Suður Kóreu síðastliðinn ágústmánuð, en frímerkjasafnarar frá sjötíu löndum tóku þátt í sýningunni. Sigtryggur vann verðlaunin fyrir frímerkjasafn sitt, Icelandic Postal Stationery, en það eru íslensk bréfspjöld sem gefin voru út af póstþjónustunni á árunum 1879 til 1920 og eru þau með mismunandi áprentuðu burðargjaldi. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur tekur þátt í heimssýningunni í Suður-Kóreu en þátttökukröfur eru afar strangar og gullverðlaunin því mikill heiður. Auk verðlaunapenings og verðlaunagrips frá kóresku póstþjónustunni fékk Sigtryggur frímerkjaörk þar sem frímerkin eru með mynd af honum sjálfum sem gjaldgeng eru í Suður Kóreu.**

Sigtryggur hefur áður tekið þátt í frímerkjasýningum erlendis en þetta þykir frábær árangur í heimi alþjóðlegrar frímerkjasöfnunar þar sem íslensk söfn fara aðeins á alþjóðlegar sýningar eftir að ná inn á sýningar í heimalandi eða innan Evrópu og vakið athygli þar. Sigtryggur hefur safnað frímerkjum allt frá bernsku og gert söfnunina að áhugamáli sínu. Breiðholtsblaðið leit við hjá honum á dögunum en hann er einn af frumbýlingum Seljahverfis. Hefur búið í Seljahverfinu frá því um miðjan áttunda áratuginn. Hann var fyrst inntur eftir því hvort hann myndi eftir fyrsta frímerkinu sem hann eignaðist. „Ég man ekki nákvæmlega hvert var fyrsta merkið því þau voru nokkur saman. Ég eignaðist fyrstu frímerkjabókina þegar ég var sex ára. Þetta var bók þar sem merkin voru fest með límmiða og fljótlega fór að safnast í hana. Frímerkin komu úr öllum áttum og eins og gefur að skilja kom mest af þeim í kringum jólin vegna þess að fólk sendi mikið af jólakveðjum til ættingja og vina. Flest frímerkin sem ég eignaðist á þessum fyrstu árum voru íslensk en ég fékk líka nokkuð af frímerkjum frá Danmörku en þar átti fjölskyldan ættingja sem alltaf voru samskipti við. Ég man ekki hvort þessi fyrsta bók fylltist en fljótlega komu svokallaðar innstungubækur sem voru miklu þægilegri þar sem ekki þurfti að nota límmiðana heldur var frímerkjunum komið fyrir í plastvösum."

## Strákar meira í frímerkjunum

Sigtryggur segir að það hafi



Sigtryggur og Magnús Þór Jónsson, Megas, fara yfir gamlar teikningar sem Megas gerði vegna útgáfu fyrstadagsumslaga. Á myndinni mundar hann pennann til að árita eina af þessum teikningum sínum.

tíðkast á þessum árum að krakkar og þá einkum strákar söfnuðu frímerkjum og hasarblöðum. Stelpurnar hafi safna servéttum og glansmyndum. Þetta gat verið svolítið kynbundið í þá daga en þó ekkert algilt í þeim efnum." Sigtryggur minnist þess að á þessum tíma hafi faðir hans átt trékassa með mörgum hólfum. „Trúlega hefur þetta verið lyfjakassi frá fyrri tíð en notaðist ágætlega til að geyma frímerki. Hann hafði keypt talsvert af frímerkjum og geymdi í þessum kassa meðal annars nokkuð af fyrstadagsumslögum sem voru gefin út og stimpluð í tilefni af útkomu nýrra frímerkja. Ég man þegar ég fékk fyrst umslag sem sent hafði verið í ábyrgð og einnig þegar ég fékk fyrsta heila settið sem var stimplað á útgáfudegi."

## Mjór er mikils vísir

Sigtryggur segir mjór er mikils vísir því eftir þetta hafi hann farið að vinna skipulega í frímerkjasöfnuninni. „Þegar ég var 19 ára opnaði ég Frímerkjastofuna á Vesturgötu 14 þar sem áður var Egill rakari. Þarna var ég í einum átta fermetrum og hafði opið eftir hefðbundinn vinnudag. Þarna tók ég á móti frímerkjasöfnurum og átti ýmisleg samskipti og viðskipti við þá. Við notuðum þetta tækifæri einnig til þess að spjalla saman um þetta áhugamál okkar. Þetta var um og upp úr 1960 og á þeim tíma var vinsælt að safna frímerkjum frá nýjum lýðveldum sem verið var að stofna í Afríku á grunni gamalla nýlendna. Ég keypti talsvert af þessum frímerkjum og þau gengu á milli safnara. Ég fékk einnig erlend frímerki í gegnum aðila sem áttu í samstarfi við Bandaríkin. Eins voru frímerki frá Sameinuðu þjóðunum og Evrópufrímerki CEPT vinsæl. Ég fór einnig sjálfur að gefa út fyrstadagsumslög sem voru merkt FV."

## Kynntist Megasi í Englandi

„Ég fór til Englands sumarið 1961 en þá voru ungmenni farin að fara nokkuð þangað einkum


# Matur og vín:

*Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jólunum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veislurétt verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum. Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum. Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða víntegundir passa best með jólamatnum.*

**HAMBORGARHRYGGUR**



**Masi Campofiorin – Veneto – Ítalía**
**2.899 kr.**

Kirsuberjarautt.
Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mild tannín.
Þurrkaðir ávextir, kirsuber, krydd, vanilla.



**Rosemount Cabernet / Merlot - Ástralía**
**2.299 kr.**

Rúbínrautt.
Létt meðalfylling, þurrt, mild sýra, mild tannín.
Sætkenndur berjablámi, plóma.

**NAUTASTEIK**



**Piccini Memoro – Ítalía**
**1.999 kr.**

Dökkrúbínrautt.
Þétt fylling, þurrt, fersk sýra, þroskuð tannín.
Sælgætiskenndur berjablámi, vanilla, eik.



**Rosemount Shiraz – Ástralía**
**2.560 kr.**

Rúbínrautt.
Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mjúk tannín.
Brómber, minta, plóma.

til þess að þjálfa sig í ensku. Þar kynntist ég ýmsu fólki. Þar á meðal konunni minni, Þorbjörgu Guðmundsdóttur og einnig þá ungum manni sem heitir Magnús Þór Jónsson og varð síðar þekktur undir listamannsnafninu Megas. Hann var þá 16 ára. Síðar áttum við eftir að starfa saman hjá Pósthúsinu í Reykjavík og þótt við deildum ekki sama áhugamáli nema að hluta, þá æxlaðist það þannig að við áttum eftir að starfa saman að frímerkjamálum. Þannig var að Megas er góður teiknari og hann teiknaði fyrir mig myndir á fyrstadagsumslög á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Við hittumst nýlega og fórum yfir þessar gömlu teikningar og hann áritaði þær. Það teiknuðu ýmsir fleiri fyrir mig en teikningar Megasar voru nokkuð sérstakar og vel gerðar. Ég kynntist líka ýmsum þekktum frímerkjasöfnurum bæði í Félagi frímerkjasafnara og í Klúbbi Skandinavíusafnara."

## Biðröð eftir Evrópumerkjunum

Sigtryggur segir að árið 1961 hafi svonefnd Evrópufrímerki verið gefin út. „Þetta var í annað sinn, en þau höfðu fyrst komið út árið áður á Íslandi. Ég var þá staddur í Cambridge en faðir minn tók að sér að sjá um þetta fyrir mig. Þá gerðist það að þegar búið var að gefa upp upplagið þá fóru pantanir að streyma inn til póstsins bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Fljótt spurðist út að merkin myndu seljast upp og biðröð fór að myndast fyrir utan pósthúsið á útgáfudaginn svona eins og væri verið að selja miða á tónleika poppstjörnu, hver og einn gat aðeins keypt ákveðið magn. Það seldist á einum degi og strax varð til mikil eftirspurn eftir þessum merkjum. Faðir minn hafði gengið frá pöntun sem smásöluaðili þannig að hann lenti ekki í biðröðinni og ef ég man rétt þá tífölduðust merkin í verði á tveimur mánuðum. Um haustið eða í október kom Jakob Kvaran sem var þekktur frímerkjakaupmaður til landsins en hann bjó þá í Danmörku og auglýsti eftir þessum merkjum í Morgunblaðinu. Hann keypti talsvert af þeim en þegar hann kom út aftur fóru verðin að falla og hann seldi eitthvað af þeim með tapi. Þetta sýnir hvað hlutirnir gátu verið fljótir að breytast í þessum heimi viðskiptanna eins og öðru. Ég kynntist Jakobi nokkuð og úr varð að hann bauð mér að starfa hjá sér ytra og ég var í nokkra mánuði hjá honum þar sem hann bjó og starfaði á Amager."

## Stýrði Nordiasýningunni 1984

Sigtryggur hefur tekið þátt í



**Sigtryggur ásamt Tay Peng Hian sem er forseti Alþjóðasamtaka frímerkjasafnara FIP. Myndinni er tekin í Suður Kóreu.**

sýningarstarfi. Hann var meðal annars framkvæmdastjóri Nordiasýningarinnar sem fram fór í Laugardalshöllinni 1984. Þetta var fyrsta Nordiasýningin sem var haldin á Íslandi og reynt var að gera hana sem glæsilegasta í alla staði enda fylltu frímerkjamenn Laugardalshöllina. Sigtryggur segir að gefin hafi verið út frímerkjablokk á yfirverði í tilefni af sýningunni. „Hluti af söluverðmætinu rann til Landsambands íslenskra frímerkjasafnara (LÍF) og það hjálpaði til þess að félaginu tókst að koma sér upp eigin húsnæði í Síðumúla 17 þar sem félagsstarf frímerkja- og myntsafnara á sér samastað. Þetta tengist því að hluta eru þetta sömu aðilarnir sem starfa að söfnun frímerkja og myntar þótt það sé alls ekki algilt. Á laugardögum er opið hús í Síðumúlanum milli klukkan 13-15 þar sem félagsmenn koma saman og almenningur getur komið og fengið upplýsingar og leiðbeiningar um frímerki sín. Ég gaf út Safnarablaðið á sínum tíma, en LÍF gefur út Frímerkjablaðið í samstarfi við Íslandspóst, en einnig gefur Félag frímerkjasafnara út félagsblaðið Safnið."

## Áhersla á allt sem tilheyrir lýðveldinu

Þrátt fyrir að hafa komið víða við í frímerkjasöfnun hefur Sigtryggur alltaf lagt áherslu á að safna öllu sem tilheyrir lýðveldinu og á það í ýmsum útgáfum. „Einnig safna ég til dæmis átthagasöfnum, örkum og einnig það sem er kallað afbrigði í frímerkjum til dæmis prenttakkagöllum og öðru sem fer úrskeiðis í prentun."

## Frímerkjafræðsla í Seljakirkju

Sigtryggur segir að margt hafi breyst á undanförnum árum. Íslandspóstur stimplar bréfasendingar án þess að nota frímerki. „Ég skal ekki segja til um hver framvindan verður. Það dugar varla að gefa frímerki aðeins út fyrir safnara ef notagildið verður ekkert annað. En þetta er þróun sem maður veit ekki hvar endar. Tæknibreytingarnar eru örar. Frímerkið var í raun samskiptamiðill þess tíma. Það sýndi að burðargjaldið var greitt og flutti þannig upplýsingar og fréttir á milli fólks vítt um heiminn. Því má segja að frímerkið sé einskonar forveri nútíma samskiptamáta. Kannski er þetta sérviska að hafa haldið þessu svona áfram en ég er sáttur við þetta áhugamál mitt og ánægður með að hafa tekið þátt í þessu. Að lokum vil ég benda á að Klúbbur Skandinavíusafnara stendur fyrir frímerkjafræðslu annan hvern mánudag í Seljakirkju klukkan 16:30 til 18. Barnabörnin mín sækja þangað fræðslu. Næsti fundur verður 15. desember."







Tilvalin jólagjöf fyrir börn og fullorðna










STÍGVÉLABÚÐIN

NOKIAN FOOTWEAR

Álfabakka 14a í Mjódd
109 Reykjavík • Sími: 527 1519
www.facebook.com/nokianstigvelabudin

# Eygló Ósk og Thelma afrekskonur í FB

**Eygló Ósk Gústafsdóttir og Thelma Björg Björnsdóttir hafa vakið mikla athygli undanfarið fyrir afrek sín í sundi. Þær eru báðar nemendur í FB, Eygló á náttúrufræðibraut og Thelma Björg á Starfsbraut.**

Eygló Ósk vann nýverið til níu gullverðlauna á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug. Eygló Ósk náði einnig frábærum árangri á heimsmeistaramótinu í Katar nú á dögunum en þar var hún hársbreidd frá því að komast í úrslit. Thelma Björg Björnsdóttir, ÍFR, var á dögunum kjörin íþróttakona ársins í röðum fatlaðra árið 2014 og setti hún hvorki fleiri né færri en 43 Íslandsmet á árinu. Við óskum þessum ungu afrekskonum til hamingju með frábæran árangur.



Eygló Ósk Gústafsdóttir.



Thelma Björg Björnsdóttir.

www.breidholt.is

Jólamarkaður í Gerðubergi

Jólamarkaður verður haldinn í Gerðubergi 3-5 (neðri hæð) 13. og 14. desember klukkan 13. - 16.

Handverk og nýjar vörur.

Margt fallegt í jólapakkann.

Verið velkomin.

# Fullveldisins minnst í Ölduselsskóla

**Nemendur og starfsfólk Ölduselsskóla komu saman á sal að morgni 1. desember sl. í tilefni þess að dagurinn er fullveldisdagur Íslendinga. Sungin voru tvö lög, "Ísland er land þitt" og "Ferðalok". Ásmundur Geir Logason sem starfaði sem leiklistarkennari við skólann á síðasta ári kom í heimsókn og söng og trallaði með krökkunum við mikla kátínu.**

Í frétt á heimasíðu skólans má finna Smá fróðleik um fullveldisdaginn 1. desember. Þar segir að líklega sé erfitt fyrir íslensk börn að hugsa sér að við Íslendingar höfum einhvern tíma haft kóng í stað forseta. Þó eru ekki nema tæp 60 ár síðan Íslendingar yfirgáfu danska kóngsríkið sem þeir höfðu tilheyrt síðan á 14. öld. Þetta gerðist árið 1944 þegar stofnað var lýðveldi hér á landi og kosinn forseti í fyrsta sinn. Íslendingar hafa því verið „frjálst og fullvalda ríki" í rúm 25 ár. Íslendingar fengu að mestu leyti sjálfstæði frá Dönum 1. desember árið 1918 en sjálfstæðisbaráttan hafði þá staðið síðan snemma á 19. öld.



Úr Ölduselsskóla.

# Katrín Guðný vann Þorvaldarbikarinn

**Hið árlega skákmót stúlkna um Þorvaldarbikarinn fór fram 20.11. í stofu 40 í Breiðholtsskóla. Voru keppendur sérlega prúðir og yfirvegaðir og tóku sigrum og ósigrum með stakri ró. Má segja að leikgleðin hafi einkennt hópinn frá byrjun til enda.**

Að þessu sinni bar Katrín Guðný Ágústsdóttir 7. BL sigur úr býtum. Hlaut hún bikarinn til varðveislu í eitt ár auk gullverðlaunapenings. Í öðru sæti varð Snædís Birna Árnadóttir 8. Bekk, hlaut hún silfurverðlaunapening , 3. sætið hlotnaðist Þórönnu Vigdísi Sigurðardóttur 8. bekk og er hún þar með bronsverðlaunahafi. Að móti loknu fór fram verðlaunaafhending og myndataka.



Katrín Guðný, Snædís Birna og Þóranna Vigdís.

SJÁVARHÖLLIN Fiskbúð

Vestfirska fiskbúðin Sjávarhöllin Hólagarði efra Breiðholti

Við erum líka á facebook

# Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu

Allra næstu daga kemur út bókin Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu. Er það leyninúmer desembermánaðar hjá Vestfirska forlaginu í tilefni af 20 ára afmæli þess. Er hér um að ræða sama tóbak og er í bókinni Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu: Kímilegar og auðvitað meira og minna sannar alþýðusögur af Vestfirðingum. Þessi bók er að sjálfsögðu gefin út til heiðurs vestfirskum stjórnmálamönnum eins og sjómannabókin er gefin út til heiðurs blessuðum sjómönnunum okkar.

Til heiðurs vestfirskum stjórnmálamönnum



**Vissir þú að vestfirski stjórnmálamaðurinn Jón Sigurðsson var hrókur alls fagnaðar þegar svo bar við og fór oft með græskulaust gaman?**



**Þessi bók er einkum ætluð þeim sem hafa gaman af að brosa, hlæja eða jafnvel reka upp rokur einstaka sinnum. Hláturinn lengir lífið!**

*Vestfirska forlagið*
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

9 789935 430533

Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu

# Vestfirskir stjórnmálamenn í blíðu og stríðu

## Alþýðusögur í léttum dúr að vestan

Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman



*Vestfirska forlagið*





Til heiðurs vestfirskum sjómönnum

„Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða. Það vitum við sjómennirnir ef til vill betur en aðrir.“ Svo mælti hinn landsþekkti skipherra, Eiríkur Kristófersson, sem var Vestfirðingur í húð og hár. Vestfirskir sjómenn eru karlar í krapinu og kalla ekki allt ömmu sína. Það má ekki minna vera en þeim sé helguð ein bók þar sem eingöngu er slegið á léttari strengi. Í henni eru vestfirskar alþýðusögur sem allar hafa birst áður. Sumar margoft.

Hér eru lögmál sagnfræðinnar ekki höfð að leiðarljósi heldur eingöngu skemmtigildið. Margar af þessum frásögnum eru þó dagsannar. Verður ekki farið nánar út í það. Heimildir látnar lönd og leið. Vonandi hafa menn gaman af. Til þess er leikurinn gerður. Næsta bók í þessum flokki verður helguð vestfirskum stjórnmálamönnum.







*Vestfirska forlagið*
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

9 789935 430533

Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu

# Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu


## Alþýðusögur í léttum dúr að vestan

Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman









*Vestfirska forlagið*

### Þegar sundurlyndið ríkir

Það var á áttunda áratugnum þegar Sverrir Hermannsson var kommissar í Framkvæmdastofnun, að mikil vandræði voru sem oftar í atvinnulífinu á Bíldudal. Menn voru ekki á eitt sáttir hvernig bregðast skyldi við vandanum og var hver höndin upp á móti annarri í plássinu.

Voru nú gerðir út menn á fund kommissara í Framkvæmdastofnun til að herja út fjármuni til að reyna að hressa við atvinnulífið á staðnum. Ekki bar það árangur sem skyldi og hófust nú bréfaskriftir. Sverrir hafði með Vestfirðina að gera og var því vandi Bílddælinga á hans könnu. Í einu af bréfum þeirra kom fram, að þeir þyrftu svo og svo margar krónur í fyrirgreiðslu til að hressa upp á frystihúsið.

Ekki stóð á svari hjá Sverri. Hann ráðlagði Bílddælingum að byrja á því að senda sundurlyndisfjandann út á sextugt djúp og þá mundi allt snúast þeim til betri vegar. Fyrr fengju þeir ekki krónu hjá sér!

Eftir þessa ráðleggingu kommissarsins brá svo við að Bílddælingum gekk allt í haginn um nokkurt skeið og má segja að orð Sverris hafi orðið að áhrínsorðum.

### Þarfaþingmenn

Sveinn Guðmundsson, bóndi og kennari á Miðhúsum í Reykhólasveit, fréttaritari Morgunblaðsins um langan aldur, var mikill félagsmálamaður. Eitt sinn var hann á fundi sem þingmenn Vestfirðinga héldu sameiginlega í Mjólkurstöðinni á Reykhólum. Mikið var rætt um fólksfækkun í kjördæminu en þó einkum í Austur-Barðastrandarsýslu. Sveinn kom í ræðustól og skoraði á þingmenn að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að snúa þessari óheillaþróun við, þannig að fólki fjölgaði á ný.

Matthías Bjarnason varð fyrir svörum og lýsti því yfir sem fyrsti þingmaður kjördæmisins, að Karvel Pálmason og Ólafur Þ. Þórðarson myndu taka að sér að sjá um fjölgunina.



*Vestfirska forlagið*

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is
Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt.

# Nýir eigendur að Fætur og fegurð

## – fótaaðgerða- nudd og snyrtistofu, Hólagarði

**Þær Sigríður, Erla og Berglind hafa nýverið fest kaup á fótaaðgerða- nudd- og snyrtistofunni Fætur og fegurð, Lóuhólum 2-4.**



Sigríður.



Erla.



Berglind.

Boðið verður upp á almennar fótaaðgerðir, meðferð á líkþornum, inn- og niðurgrónum nöglum, sveppanöglum og vörtumeðferð. Auk þess verður boðið upp á almenna snyrtingu svo sem litun og plokkun, andlits-og líkamsmeðferðir, vax og fleira af Berglindi, sem er meistari í snyrtifræði og einnig munum bjóða upp á naglaásetningar

Eigendur stofunnar eru menntaðar fótaaðgerðafræðingar frá Fótaaðgerðaskóla Íslands og er það löggilt heilbrigðisstarfsgrein og teljast fótaaðgerðafræðingar til heilbrigðisstéttar.

Fleira verður í boði á stofunni, því stefnt er að því að hafa til sölu snyrti- og förðunarvörur og hægt verður að kaupa gjafabréf eftir óskum hvers og eins. Stefnt er að því að taka inn fleiri vörur, en það skýrist betur í nánustu framtíð.

Við ætlum að bjóða 20% kynningarafslátt af fótaaðgerðum og snyrtimeðferðum út janúar og minnum auk þess á gjafabréfin og fleira fallegt í jólapakkann.

Fyrirhugað er að hafa „opið hús“ í janúar, en sú dagsetning verður auglýst síðar.

*Bestu jólakveðjur frá starfsfólki*
*Sigríður, Erla og Berglind*




Nýjar vörur – góðar gjafir
Náttsloppar, handklæði, bolir, slæður, kjólar, skyrtur, treflar, leðurjakkar, töskur og svo miklu, miklu meira!
ÓTRÚLEGI
Markaðurinn • Outlet
Drafnarfelli 14 • Beint á móti Fellaskóla

Breiðholtsblaðið
Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is

# Rímnaflæði & stíll í félagsmiðstöðvunum

**HipHop vika í Félagsmiðstöðinni Hundrað&Ellefu vikuna 24. til 28. nóvember. Við vorum með útvarpsstöð þar sem unglingarnir fengu að spreyta sig í útvarpinu, fría hip hop danskennslu, graffiti kvöld og endaði svo vikan á Rímnaflæði.**

Rímnaflæði hefur verið haldið í Miðbergi í samstarfi við Samfés í þó nokkur ár. Breiðholtið átti þátttakendur í ár. Þeir voru Sigurgeir Andri, Helgi Björn og Andri Snær, allir nemendur við Hólabrekkuskóla. Þeir drengir ákváðu að skrá sig til leiks á seinustu stundu, það kom þó ekki að sök þar sem þeir lentu í 3. sæti. Virkilega flottur texti hjá þeim og flott framkoma. Viljum við óska strákunum innilega til hamingju, þeir eiga greinilega framtíðina fyrir sér í rappinu.



Sigurgeir Andri, Helgi Björn og Andri Snær tóku þátt í rímnaflæði í Hundrað&Ellefu.

### Förðunar- og fatahönnunarkeppni

Daginn eftir Rímnaflæði, laugardaginn 29. nóvember var Stíll – hár, förðunar og fatahönnunar keppni sem Samfés stendur einnig fyrir. Tæp 50 lið tóku þátt og var sýningin ein sú glæsilegasta. Þær Sara Minh, Kinga Maria og Sveinbjörg sem allar eru nemendur í Fellaskóla fóru fyrir hönd Breiðholtsins og lentu þær í 5. sæti sem er alveg stórkostlegur árangur. Óskum við stelpunum innilega til hamingju með árangurinn og það er greinilegt að þær eiga framtíðina fyrir sér á sviði hönnunar.

### Sigga Dögg spjallaði um kynjafræði

Annars er desember genginn í garð sem er afskaplega ljúfur og notalegur mánuður hjá okkur. Við í Hundrað&Ellefu byrjuðum mánuðinn á stráka og stelpukvöldum þar sem kynfræðingurinn Sigga Dögg kom og spjallaði við unglingana og var með sinn stórskemmtilega fyrirlestur og umræður. Svo er algjört jólaþema hjá okkur framundan, jólaföndur, jólaskreyta, mála piparkökur, horfa á jólamynd, jólabæjarferð og margt margt fleira.

### Tíu 12 aftur opnað

Tíu12 hefur opnað í Hólmaseli eftir nokkra bið vegna framkvæmda sem hafa verið í húsinu síðastliðna mánuði. Mætingin í tíu12 hefur verið framar vonum, en alls mættu um 200 krakkar fyrstu vikuna. Opnunartíminn er á þriðjudögum fyrir 5. og 6. Bekk kl. 15 til 17 og á fimmtudögum fyrir 7.bekk á sama tíma, 15 til 17. Svo viljum við óska öllum Breiðholtsbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Takk fyrir það liðna. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna í Breiðholti



Förðunar- og fatahönnunarsýningin var glæsileg.



# Jólahugvekja

Það er eitthvað alveg einstakt sem gerist á aðventunni. Þá er ég ekki að tala um þessa ytri umgjörð, jólaljósin, jólagjafaauglýsingarnar og stressið sem oft fylgir undirbúningi jólanna. Nei, ég er að tala um þetta sérstaka andrúmsloft sem ríkir í samfélaginu á þessum árstíma og fáir virðast ósnortnir. Því helgasta hátíð ársins er í nánd og flest okkar eru mitt í undirbúningnum. Á aðventunni er eins og skelin verði þynnri og erfiðara er að brynja sig fyrir áreitinu úr umhverfinu. Þess vegna á gleðin, en einnig sorgin, greiðari aðgang að okkur um þetta leyti en ella. Ég rifja upp fyrri ár og sé að hvernig sem aðstæður mínar hafa verið frá einum tíma til annars þá er minning jólanna kær, hvort heldur sorg og erfiðleikar voru til staðar eða aðstæður góðar. Það er eitthvað alveg sérstakt við þessa hátíð, hún hefur tilhneigingu til að laða fram hið góða í fari manna. Birtan og vonin sem hátíðin felur í sér er kærkomin inn í þennan dimmasta tíma ársins. Gleði, eftirvænting eða tregablandnar tilfinningar bærast innra með okkur, allt eftir aðstæðum. Amstrið er í algleymingi og auðvelt er að hrífast með öllu því sem fylgir þessum árstíma. Við kvörtum stundum yfir umstanginu en vitum að sjálf getum við haft nokkur áhrif þar á ef við forgangsröðum og skiljum og skynjum hvað það er sem raunverulega skiptir máli. Aðventan og undirbúningur jólanna býr yfir töfum. Andrúmsloftið er sérstakt og við erum næmari fyrir neyð náungans á jólum en oft áður og fúsari til að koma honum til hjálpar. Við skynjum hluti sem við erum oft lokuð fyrir eða leiðum hjá okkur, tilfinningar og sorgir annars fólks. Kannski erum við stundum betri manneskjur í desember heldur en hina mánuði ársins þrátt fyrir pirring yfir jólahreingerningum, jólagjafaleiðangri í yfirfullum verslunum, skammdeginu, jólaumferðinni, og ekki má gleyma óþolandi jólaseríum sem alltaf virðast koma flæktar upp úr jólakössunum. Það er eins og jólin hjálpi okkur að horfast í augu við eigin mennsku og tengir okkur við mennsku annarra.

Fyrsti sunnudagur aðventunnar heilsaði okkur hér á höfuðborgarsvæðinu með óveðri. Flestir héldu sig innan dyra og tækifæri gafst til að eiga rólegan dag heima í faðmi fjölskyldunnar. Ég notaði tækifærið til að taka jólakassana niður af háalofti og alltaf hlakkar mig jafn mikið til að taka upp jólaskrautið okkar. Eins og flestar fjölskyldur landsins erum við ansi íhaldssöm þegar kemur að jólunum og allt á sínar föstu venjur og hefðir. Hver og einn í fjölskyldunni hefur gjarnan sitt hlutverk. Jólatónlistin á sinn sess og einnig helgihaldið. Hátíðartónn sr. Bjarna er ómissandi fyrir suma og ferð í kirkjugarðinn í kyrrðinni á jólanótt er fastur liður. Ein af hefðunum felst í því að ég og yngsta dóttir mín skreytum jólatréð saman. Jólaskrautið okkar er samansafn af minningum sem við höfum safnað frá upphafi búskapar. Andrúmsloftið er tilfinningaþrungið þegar við opnum fyrsta kassann. Við tínum fram allar fallegu jólakúlurnar sem eiga sína sögu og góðar minningar sem ylja okkur og gleðja. Oftar en ekki heyrist „manstu eftir þessu“ Þar er fyrsta jólakúla dóttur minnar og jólasveininn sem afi bjó til handa okkur síðasta árið sem hann lifði. Jólaskrautið sem krakkarnir gerðu í leikskólanum þegar þau voru lítil og fallegi engillin sem á sína sögu. Allar þessar góðu og fallegu minningar sem ég á um fólkið mitt og jólin sem við höfum átt saman. Minningarnar sem fylgja gjarnan hátíðum sérstaklega á jólum eru sterkar. Við hugsum til þeirra sem eru fjarri, minnumst þeirra og syrgjum þau sem látin eru. Við hugsum til annarra, biðjum fyrir öðru fólki.



**Kristín Kristjánsdóttir.**

Í myrkrinu skín ljós og fagnaðarerindi jólanna hljómar í eyrum okkar: „Verið óhrædd, ég boða yður mikinn fögnuð.“


Með siðum okkar og venjum glæðum við hátíðina lífi og innihaldi. Frammi fyrir boðskap jólanna stöndum við berskjölduð. Í einfaldleik sínum snertir boðskapurinn hjartað.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og vona að eftirvænting aðventunnar vísi okkur öllum veginn.

*Kristín Kristjánsdóttir djákni í Fella- og Hólakirkju.*

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



ENNEMM / SÍA / NM66096
Gjafakort Íslandsbanka
Gjöf sem er alltaf efst á óskalistanum
Gjöf sem þú getur verið viss um að hittir í mark
Gjafakort Íslandsbanka er gjöf með endalausa möguleika. Kortið gildir eins og önnur greiðslukort jafnt í verslunum um allan heim og á netinu.
Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka
islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook
Íslandsbanki

# Skagfirskar skemmtisögur í fjórða sinn

**Skagfirskar skemmtisögur koma nú út í fjórða sinn hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti og eru sögurnar nú orðnar hátt í eitt þúsund talsins.**

Í þessari fjórðu bók Björns Jóhanns Björnssonar blaðamanns láta margir gamminn geisa og má þar nefna Hilmi Jóhannesson, lífskúnstner á Sauðárkróki, Maron vörubílstjóra og Hauk Páls í samlaginu. Einnig Álftagerðisbróðurinn Óskar Pétur, Bödda á Gili, Bjarna Har, Óla á Hellulandi, Bigga Rafns, Munda í Tungu, Dúdda á Skörðugili, Friðrik á Höfða, Tryggva í Lónkoti, Árna á Brúnastöðum, Agnar á Miklabæ, Villa Egils, Stebba Guðmunds, Gulla í Gröf, Helgu á Silfrastöðum, Helgu á Frostastöðum, Diddu í Litlu-Brekku og Ásu Öfjörð svo nokkrir skemmtilegir Skagfirðingar séu nefndir. Hér gefur að líta nokkur sýnishorn

Óskar Pétursson frá Álftagerði var gestur á tónleikum Þuríðar Sigurðardóttur og fór að vanda á kostum. Þau spjölluðu og grínuðust heilmikið á milli laga og meðal annars kom Jesú Kristur til tals. Þá sagði Óskar: „Ég skil nú ekkert í mönnum að kalla það kraftaverk þegar hann breytti vatni í vín, hérna á sínum tíma. Heima í Skagafirði kallast þetta nú bara að brugga landa!“

Handanvatnamaðurinn Rögnvaldur gáfaði í Hvanndalsbræðrum, bróðir Pálma Rögg á Hofsósi, lét einhverju sinni hafa eftir sér á mannamóti að hann ætti frænku eina sem væri svo stór um sig og íturvaxin, að þegar hún setti símann í rassvasann þá væri hann utan þjónustusvæðis!

Rafvirkjarnir Ásbjörn Skarphéðinsson, betur kunnur sem Böddi á Gili, og Valgarð Björnsson, eða Valli Björns, unnu oft saman. Eitt sinn höfðu þeir verið að vinna fyrir Sauðárkrókshöfn og að því loknu tók Böddi til við að útbúa vinnuskýrsluna. „Hvað eru mörg b í Sauðárkrókshöfn?“ spurði Böddi. „Hvað ertu kominn með mörg?“ svaraði Valli. „Þrjú.“ „Láttu það duga.“

Þegar Hilmar Sverrisson tónlistarmaður vann á vélaverkstæði KS um árið kom hann til Valgarðs Jónssonar og var að leita að logsuðugleraugum. Valli getur stundum verið utan við sig og líkt og hjá fleirum koma orðin kannski ekki alltaf rétt frá honum. Svaraði hann Himma: „Síðast þegar ég sá þau voru þau horfin!“

Króksari einn kom um árið til Friðriks J. Friðrikssonar læknis og vildi fá bót meina sinna. Friðrik gat verið spaugsamur og vildi í þetta skiptið miklu frekar spjalla en að tala um veikindi, sem endaði með því að maðurinn sagði: „Ég var nú hingað kominn til að leita mér lækninga.“ „Já, það var nú með hann Guðmund líka,“ sagði Friðrik og benti út um gluggann, „þeir eru að bera líkið út núna.“

Þegar Árni á Brúnastöðum lagði inn pöntun fyrir krana á vörubíl sinn hafði hann um nokkurt skeið unnið í Fljótum og m.a. á bryggjunni í Haganesvík, þar sem smábátarnir komu að landi með aflann. Árni var spurður hvernig hann vildi hafa kranann og þá sagði hann: „Hafiði hann sjávarmegin!“




**Skagfirskar skemmtisögur í fjórða sinn. Hér skála Skagfirðingar – kannski í skagfirskum landa en Drangey og Þórðarhöfði eru í baksýn.**





| | Þorláksmessa | Aðfangadagur | Jóladagur | Annar í jólum | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 23. des | 24. des | 25. des | 26. des | 31. des | 1. jan * |
| Árbæjarlaug | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | 12.00-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað |
| Breiðholtslaug | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | Lokað | 08.00-12.30 | Lokað |
| Grafarvogslaug | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | Lokað | 08.00-12.30 | Lokað |
| Klébergslaug | 11.00-15.00 | 10.00-12.30 | Lokað | Lokað | 10.00-12.30 | Lokað |
| Laugardalslaug | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | 12.00-18.00 | 08.00-12.30 | 12.00-18.00 |
| Sundhöllin | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | Lokað | 08.00-12.30 | Lokað |
| Vesturbæjarlaug | 06.30-18.00 | 08.00-12.30 | Lokað | Lokað | 08.00-12.30 | Lokað |
| Ylströnd | 11.00-13.00 | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | 11.00-15.00 |

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma




Laugarnar í Reykjavík ÍTR www.itr.is | sími 411 5000

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



# Helgihald í Fella- og Hólakirkju um jól og áramót

**Þriðji sunnudagur í aðventu**
**Sunnudagur 14. desember.**
Jólaball sunnudagsskólans kl. 11.
Dansað í kringum jólatréð og
jólasveinar koma í heimsókn.

**Laugardagur 20. desember**
Bænastund á vegum Norðfirðingafélagsins
í Reykjavík kl. 17. Prestur Svavar Stefánsson

**Fjórði sunnudagur í aðventu**
**Sunnudagur 21 desember.**
Jólasöngvar við kertaljós kl. 11.
Prestur Svavar Stefánsson.
Leikmenn lesa ritningatexta sem tengjast jólunum.

**Aðfangadagur 24. desember**
Aftansöngur kl. 18. Prestur Guðmundur Karl Ágústsson.
Aftansöngur kl. 23.30. Prestur Svavar Stefánsson.

**Jóladagur 25. desember**
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Prestur Svavar Stefánsson.

**Gamlársdagur 31. desember**
Aftansöngur kl. 18.
Prestur Svavar Stefánsson.

**Nýársdagur 1. janúar**
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Prestur Guðmundur Karl Ágústsson.

*Kór Fella- og Hólakirkju og Eyþór Franzson Wechner organisti leiða söng og annast tónlistar-flutning við allar guðsþjónustur nema annað sé tekið fram.*

**Tónleikar**
**Sunnudagur 14. desember kl. 20**
Tónleikar Samkórs Reykjavíkur undir stjórn
Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur.
Píanóleikur Arnhildur Valgarðsdóttir
Boðið verður upp á kaffi og smákökur að tónleikum loknum.
Aðgangseyrir kr. 2.000.-

**Þriðjudagur 16. desember kl. 20**
Tónleikar kór Fella- og Hólakirkju undir stjórn
Eyþórs Franzsonar Wechner organista flytja ýmis þekkt jólalög.

**Fimmtudagur 18.desember kl. 13.30**
Jólahelgistund Félagsstarfs Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju.
Prestur heyrnalausa sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir ásamt
prestum og djákna kirkjunnar sjá um stundina. Börn frá
leikskólanum Hraunborg og Gerðubergskórinn syngja jólalög
undir stjórn Kára Friðrikssonar og Eyþórs Franzsonar Wechner
organista. Kakó og smákökur að lokinni helgistund.


Þú færð jólafötin
og jólagjöfina
hjá okkur.

Óskum viðskiptavinum
gleðilegra jóla og
þökkum viðskiptin
á árinu.

**Verið velkomnar**

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900



Hjá okkur færðu
hollustu, gæði & þjónustu
yfir 20 ára reynsla

Á veitingastað okkar bjóðum við upp á um 40 rétti af matseðli auk ríkulegra hádegisverðartilboða ásamt súpu dagsins.



Skötuveisla
á Þorláksmessu

Við tökum vel á móti þér á
Þorláksmessu og dagana fyrir.
Laugard. 20. des og
sunnud. 21. des.
er opið frá kl. 11.30, og á
Þorláksmessu frá kl. 11.00 -22.00.
Bjóðum upp á skötu í nokkrum
styrkleikum, saltfisk og plokkfisk.

**Borðapantanir**
**í síma 587 2882**

Fiskur er
hrein
náttúruafurð
við notum engin
auka- eða bætiefni
við vinnsluna

Verið velkomin og látið úrvalið koma á óvart...



Gallerý fiskur

**OPIÐ:** **Veitingahús:** Virka daga **kl. 11.30-14.00**
**Fiskbúð:** Virka daga **kl. 09.00-18.15**

Gallerý fiskur - Veitingastaður / verslun - Nethylur 2 - 110 Reykjavík - Sími: 587 2882 - www.galleryfiskur.is



Þorgrímur Þráinsson spjallar við 10. bekkinga í Fellaskóla.

# Þorgrímur fjallaði um að styrkja sjálfsvitundina

**Þorgrímur Þráinsson rithöfundur kom í heimsókn til 10. bekkjar Fellaskóla 18. nóvember og flutti frábæran fyrirlestur sem miðar meðal annars að því að styrkja sjálfsvitund unglinga.**

Þorgrímur fjallaði um þau gildi sem hjálpa mönnum við að ná góðum árangri og minnti á að til þess að ná frábærum árangri í lífinu þarf maður að hafa trú á sjálfum sér, setja sér markmið, vera tilbúinn til að leggja á sig vinnu við að ná markmiðunum og láta óttann við að gera mistök og vera gagnrýndur ekki hindra sig í að láta drauma sína rætast.



## Guðsþjónustur í Breiðholtskirkju um jól og áramót

**14. DESEMBER**
**3. sd. í aðventu**
Sunnudagaskóli kl. 11
Messa kl. 11
Jólatónleikar Kórs
Breiðholtskirkju kl. 20

**21. DESEMBER**
**4. sd. í aðventu**
Jólasöngvar fjölskyldunnar kl. 11
- Tekið við söfnunarbaukum
Hjálparstarfs kirkjunnar

**24. DESEMBER**
**aðfangadagur**
Aftansöngur kl. 18
Marta Guðrún Halldórsdóttir
syngur einsöng

**25. DESEMBER**
**jóladagur**
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14

**26. DESEMBER**
**annar jóladagur**
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14
- Börn úr TTT starfinu flytja helgileik
- Hópur barna úr 6-9 ára starfinu syngur

**31. DESEMBER**
**gamlársdagur**
Aftansöngur kl. 18

**1. JANÚAR nýársdagur**
Hátíðarmessa kl. 14

**4. JANÚAR**
**sd. á milli nýárs og þrettánda**
Messa kl. 11
- Börn færð til skírnar

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.



GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



# Velkomin til Íslands

**Allir sem hafa prófað að flytja á milli landa vita að það er ekkert einfalt mál. Eftir því sem tungumálið, menningin og aðstæðurnar sem þú er að fara í eru ólíkari þeim sem þú þekkir, þeim mun erfiðara og lengri tíma tekur að átta sig á því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig.**

Bakgrunnur, menntun, aldur, tengsl við landið, fjölskylduaðstæður og persónulegir þættir hafa áhrif auk fjölda annarra atriða sem öll hafa áhrif á líðan okkar og getu til að takast á við tilveruna og lífið í nýju landi. Viðmót sem fólk mætir skiptir líka gríðarlega miklu máli og aldrei meiru en þegar við erum óörugg í nýjum aðstæðum. Ástæðurnar fyrir flutningnum eru líka margvíslegar svo sem nám, vinna, von um betra líf og stundum spilar ástin veigamikið hlutverk varðandi búsetu fólks og margir sem flytja á milli landa til að vera í samvistum við maka. En hver svo sem ástæðan er fyrir því að fólk ákveður að setjast að á Íslandi þá er nauðsynlegt að það sé tekið vel á móti fólki og það fái upplýsingar um helstu þætti er varða möguleika þeirra, réttindi og skyldur hér á landi.



Fólk frá öðrum og framandi stöðum hefur oft margt fram að færa. Það er nauðsynlegt að taka vel á móti fólki segir Elsa í greininni.

## Helstu þættir

Hverjir þessir helstu þætti eru vissulega jafnmargbreytilegir og einstaklingarnir sem hér um ræðir. En ákveðin atriði þurfa langflestir að glíma við með einum eða öðrum hætti. Í verkefninu Menntun núna sem vinnur að því að hvetja íbúa Breiðholts til að afla sér meiri menntunar er verið að þróa móttökuviðtal fyrir fólk sem flytur til landsins erlendis frá. Í móttökuviðtalinu verður skoðað með viðkomandi möguleika hans á vinnumarkaði ef hann er ekki búinn að fá vinnu.

## Fólk fær skilaboð strax

Ef viðkomandi er með menntun verður honum boðin aðstoð við að fá menntunina metna. Skoðað verður með fólki hvað íslenskunámskeið eru í boði og hvaða námskeið eru talin vænlegust til árangurs og kynnt verður fyrir viðkomandi í hvaða tilvikum hann getur beðið um túlkaþjónustu. Jafnframt er ætlunin að upplýsa viðkomandi um hvaða trúar – og lífsskoðunarfélög eru skráð á Íslandi og hvaða félög innflytjenda séu starfandi. Ef börn fylgja viðkomandi verður skoðað hvaða stuðningur er í boði fyrir börn sem ekki kunna íslensku og jafnframt hvað möguleika barnið hefur til að viðhalda sínu móðurmáli og hvort og þá hvar boðið sé uppá móðurmálskennslu. Þarna opnast líka möguleiki fyrir fólk að leita eftir frekari upplýsingum en eitt það allra mikilvægasta í viðtalinu er að skoða með viðkomandi hvar upplýsingar er að finna og hvert er hægt að leita eftir frekari upplýsingum, aðstoð og þjónustu. Í verkefninu felst jafnframt að þjálfa fólk með tungumálakunnáttu og menningarfærni í því að taka viðtölin svo ekki sé þörf á þjónustu túlka. Ef vel er að þessu staðið fær fólk skilaboð strax í upphafi dvalarinnar á Íslandi að líðan þess og velferð skipti samfélagið máli og að það tilheyri því. Vonandi verður niðurstaðan sú þegar tilraunaverkefninu lýkur að stjórnvöld taki við keflinu af Menntun núna og upplýsi okkar nýju samborgara um réttindi sín og skyldur með markvissum hætti. Það er nauðsynlegt skref til að auðvelda fólki af erlendum uppruna að taka þátt í samfélaginu til jafns við okkur hin sem getum flett ættingjum okkar upp í Íslendingabók.

*Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs.*

Breiðholtsblaðið
Auglýsingasími:
511 1188
borgarblod@simnet.is



## Guðsþjónustur um jól og áramót í Seljakirkju

**24. desember aðfangadagur jóla**
**Kl. 11 Guðsþjónusta í Seljahlíð**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Félagar úr Gerðubergskórnum leiða
safnaðarsöng
Árni Ísleifsson annast undirleik

**Kl. 15 Beðið eftir jólunum**
Jólastund barnanna í Seljakirkju
Prestar kirkjunnar leiða stundina

**Kl. 18 Aftansöngur**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Schola cantorum syngur
Kórinn mun einnig syngja jólasálma
frá kl. 17:30

**Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar
Kór Seljakirkju syngur
Egill Ólafsson syngur: „Ó, helga nótt“
Jólatónlist frá kl. 23

**25. desember jóladagur**
Kl. 14 Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur

**Kl. 16 Guðsþjónusta í Skógarbæ**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Félagar úr kór Seljakirkju leiða söng

**31. desember gamlársdagur**
**Kl. 18 Aftansöngur**
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú syngur.

**1. janúar nýársdagur**
**Kl. 14 Guðsþjónusta – Altarisganga**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar
Kór Seljakirkju syngur

**Kl. 16 Guðsþjónusta í Skógarbæ**
Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng

*Organisti við guðsþjónusturnar*
*er Tómas Guðni Eggertsson*

Cafe HAÏTI

JÓLAGLEÐI 2014

# Jólatónleikar á Cafe Haiti
# 18. des kl 21:00

## Fram koma:

Sigurgeir Sigmunds á gítar/stálgítar,
Sigurður Kafteinn Ingimarsson ryþmagítar, söngur og munnharpa,
Jonni Richter sér um bassadrunurnar, Benjamín Ingi Böðvarsson lemur húðir
og Þollý Rósmunds þenur raddbönd.

Frýtt á tónleikana en tekið verður við frjálsumframlögum og mun afraksturinn renna allur til þeirra sem minna mega sín fyrir jólin.

Nánar á https://www.facebook.com/jolagledi

# Við styðjum við Jólagleði 2014

Húðfegrun

Skjár tv

Moggubrá
blóma~ og lífstílsbúð

Vertu með í að veita
JÓLAGLEÐI
www.jolarasin.is

Cafe HAÏTI

Vertu með í að veita
JÓLAGLEÐI
www.jolarasin.is




XPRENT

gaxa

# Leiknir og Errea gera nýjan samstarfssamning




Myndin var tekin við undirritun samningsins.

**Íþróttafélagið Leiknir og Sport Company, Errea á Íslandi hafa endurnýjað samning sín á milli til næstu fjögurra ára. Leiknir spilar því í íþróttavörum frá Errea næstu fjögur árin líkt og félagið hefur gert undanfarin 19 ár eða frá árinu 1995 með agnarsmáu hoppi meistarflokks í Pro-Star og O´neills búninga í kringum aldamót.**

Errea og Leiknir eru því eitt lengsta samband milli íþróttavörumerkis og íþróttafélag hérlendis og hefur það verið afar ánægjulegt og gæfuríkt. Leiknismenn spila á næsti ári í ögn breyttum treyjum og er von á henni í hús um miðjan apríl.

Errea eru vörur frá Parma á Ítalíu og eru hágæðavörur á góðum verðum. Hvetjum við Leiknisfólk til að hafa Leiknis – Erreavörur í huga í jólapakkann en vörurnar fást hjá Braga í Leiksport Hólagarði.

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Jólakveðja frá Leikni:

# Viðburðaríkt og skemmtilegt ár

**Jólin eru að ganga í garð og árið senn á enda. Árið 2014 hefur verið viðburðaríkt ár hjá Leikni og gengið vel. Fjölgun varð í yngri flokkum sem æfðu vel, fóru á mörg mót og stóðu sig með prýði bæði hér heima og á Íslandi. Tvö frábær verkefni voru sett á laggirnar sem við Leiknisfólk erum stolt af.**




Meistaraflokkur Leiknis.

Námsver Leiknis fór af stað á árinu en það er nýtt verkefni þar sem iðkendum Leiknis stendur til boða að koma með heimavinnuna sína og læra í Leiknishúsinu fyrir eða eftir æfingar. Þannig vill Leiknir stuðla að enn betra samstarfi milli skóla og Leiknis og mikilvægi þess að iðkendur sinni námi sínu að krafti. Hrafnhildur Guðjónsdóttir kennari við Fellaskóla er umsjónarkennari í Námsveri Leiknis. Peysuverkefni Leiknis fór af stað í vor í samstarfi við Krónuna Jafnaseli og fleiri velunnara félagsins. Öll börn í 1 og 2. bekk í Fella og Hólabrekkuskóla fengu að gjöf frá Leikni en hún var neon-græn Leiknispeysa frá Errea sem hefur vakið mikla athygli í hverfinu. Ásamt peysunni fengu börnin æfingatöflu á sínu tungumáli, kynningu á félaginu og Leiknissegul til að festa allar upplýsingar rækilega. Meistaraflokkur félagsins sá um að heimsækja öll börnin og foreldra þeirra og afhenda þeim gjafirnar. Þetta verkefni gekk vel og þökkum við öllum fyrir stuðninginn og móttökurnar. Formannskipti urðu á árinu en Arnar Einarsson formaður félagsins í mesta uppgangi þess í sögunni lét af störfum eftir 14 ár sem formaður Leiknis en hann mun sitja í stjórn áfram. Feldís Lilja Óskarsdóttir sem setið hefur í stjórn Leiknis og unglingaráði undanfarin ár er nýr formaður Leiknis.

### Viðburðaríkt og skemmtilegt ár

Meistaraflokkur félagins varð 1. deildarmeistari í ár og tryggði sér sæti í Úrvalsdeild karla með glæsibrag í fyrsta skipti. Liðið lék mjög vel í sumar og átti Pepsi-sætið fyllilega skilið. Í lok tímabils voru einstaklingsverðlaun veitt þar sem Leiknir átti 5 leikmenn í liði ársins og einnig besta og efnilegasta leikmann 1.deildar 2014 ásamt þjálfurum ársins. Árið 2014 er búið að vera viðburðaríkt og skemmtilegt. Við þökkum öllum þeim sem hafa komið að starfi Leiknis í ár og undanfarin ár fyrir hjálpina og stuðninginn. Við bjóðum alla velkomna á nýju ári í Leiknisfjölskylduna og vonum að hún stækki enn frekar árið 2015. Við óskum Leiknisfólki og öllum Breiðhyltingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Áfram Leiknir – Stolt Breiðholts !

# Leiknisstrákar æfa með landsliðum

**Leiknisstrákar hafa undanfarin ár verið að banka á dyrnar í yngri landsliðum Íslands og í dag er engin undantekning. Þrír Leiknisstrákar hafa æft með yngri landsliðum Íslands að undanförnu.**

Sindri Björnsson leikmaður meistaraflokks karla er fæddur 1995 og æfði um helgina með U21 árs landsliði Íslands í fyrsta skipti. Sindri átti gott tímabil með Leikni og hefur einnig leikið með U17 og U19 ára landsliðum Íslands. Daði Bærings Halldórsson leikmaður 2. flokks og meistaraflokks karla hjá Leiknis æfði um helgina með U19 ára landsliði Íslands. Daði er fæddur 1997 og hefur leikið með U17 ára landsliði Íslands.Vignir Már Másson æfði á dögunum með U17 ára landsliði Íslands. Vignir er fæddur 1998 og leikur sem markvörður. Allt eru þetta uppaldir Leiknisstrákar sem hafa verið hluti af afreksstarfi Leiknis og Krónunnar undanfarin ár.

# Gunnar Jarl dómari ársins

**Gunnar Jarl Jónsson er einn albesti dómari landsins og hann er Leiknismaður. Gunnar er fæddur 1983 og er uppalinn í Leikni. Hann lék með yngri flokkum og meistaraflokki félagins þangað til árið 2007 þegar hann lagði skóna á hilluna og gerðist dómari.**

Gunnar var valinn á dögunum dómari ársins af vefsíðunni www.fotbolti.net en þetta er í annað skiptið sem Gunnar hlýtur þessi verðlaun. Auk þess hefur Gunnar verið að fá mikið af verkefnum erlendis þar sem hann dæmir fyrir KSÍ og að sjálfögðu er hann frábær fulltrúi Leiknis í leiðinni. Óskum Gunnari til hamingju með árangurinn.

# Flugeldasala Leiknis 2014


**Flugeldasala Leiknis verður á sínum stað sem fyrr milli jóla og nýárs. Þar gefst öllum kostur á að kaupa flugelda á góður verði sem og að styrkja félagið í sínu hverfi. Flugeldasalan fer fram í Leiknishúsinu við Austurberg 1.**

*Opnunartímar flugeldasölunnar verða eftirtaldir:*
Sunnudagur 28. des 16:00 til 22:00
Mánudagur 29. des 10:00 til 22:00
Þriðjudagur 30. des 10:00 til 22:00
Miðvikudagur 31. des 10:00 til 16:00
*Hlökkum til að sjá ykkur í Leiknishúsinu.*









# Silfurleikar ÍR í frjálsum í 19. sinn

**Silfurleikar ÍR voru haldnir í 19. sinn 15. nóvember síðastliðinn í báðum Laugardalshöllunum og veitti ekki af öllu plássinu. Keppendur komu frá hvorki fleiri né færri en 25 félögum víðsvegar að af landinu og var þetta metþátttaka félaga á mótinu. Keppendur voru um 600 talsins, þar af 120 frá ÍR en af þessum 600 höfðu 70 aldrei áður keppt á frjálsíþróttamóti sem þýðir að fjöldinn allur af foreldrum var einnig að kynnast frjálsíþróttum og mótinu í fyrsta sinn.**

Í nýju skráningarforriti Friðriks Þórs Óskarssonar mátti lesa að 251 bæting leit dagsins ljós á þessum eina degi og fimm ný aldursflokkamet voru slegin. Þetta er frábær árangur og segir okkur hvað uppgangurinn í frjálsíþróttum er mikill á Íslandi. Þrautabrautin var vinsæl að vanda en 10 ára og yngri spreyttu sig á henni og var yngsti þátttakandinn úr ÍR fimleikar hópnum, aðeins 3 1/2 árs. Nærri 100 sjálfboðaliðar á öllum aldri tóku þátt í framkvæmdinni sem var með glæsibrag en auk sjálfboðaliðanna mætti fjöldinn allur af aðstandendum keppenda. Það er mjög mikilvægt að börn og ungmenni fái tækifæri til að taka þátt í móti eins og Silfurleikunum og það er líka mikilvægt að foreldrar fái að taka virkan þátt í íþróttaiðkun barnanna sinna og vera nauðsynlegur hluti af áhugamáli þeirra en ekki bara áhorfandi.

Næsta stóra mót hjá Frjálsíþróttadeild ÍR er Stórmótið sem er tveggja daga mót um mánaðarmót janúar og febrúar. Í áraraðir hefur Stórmótið hefur verið fjölmennasta frjálsíþróttamót landsins og er skráning þegar hafin.

# Krister Blær með Íslandsmet í Stangarstökki

**Krister Blær Jónsson bætti á dögunum eigið aldursflokkamet í stangarstökki í flokki pilta 18-19 ára þegar hann stökk 4.75m á Innanfélagsmóti ÍR í Laugaradalshöll. Hann átti sjálfur gamla metið 4,71m sett 30. júní s.l.**

Á sama móti stökk Ingi Rúnar Kristinsson Breiðabliki 4,55m, Bogey Ragnheiður Léósdóttir ÍR 3,50m og Jóhanna Gunnarsdóttir Breiðabliki 3,10m sem er persónulegt met. Góð byrjun á fyrsta móti vetrarins en öll æfa þau undir stjórn Kristjáns Gissurarsonar stangarstökksþjálfara.

# Minningarleikur um Hlyn Þór Sigurðsson

**Meistaraflokksliið ÍR og Leiknis léku knattspyrnuleik til minningar um Hlyn Þór Sigurðsson sem varð bráðkvaddur þann 25. nóvember 2009 á knattspyrnuæfingu hjá ÍR sunnudaginn 23. nóvember s.l.**

Hlynur sem var aðeins 18 ára þegar hann féll frá iðkaði knattspyrnu hjá félaginu ásamt því að þjálfa yngri iðkendur og gegna ýmsum sjálfboðaliðastörfum innan félagsins. Hann var virkur í félagslífinu og duglegur námsmaður. Frítt var inn á leik ÍR og Leiknis en gestum var frjálst að gefa framlag í minningarsjóð Hlyns. Kt: 411209-0160 Banki: 0115-05-60550. Aðstandendur minningarsjóðsins buðu síðan áhorfendum að þyggja súpu gegn vægu gjaldi í samkomusalnum í ÍR-heimilinu. Sjóðurinn styrkir reglulega uppbyggileg og góð málefni ekki síst í Breiðholtinu. Leiknum lauk með sigri Leiknis 3-2.



Hlynur Þór Sigurðsson.

Höfum allt í jólapakkann!

ÍR- og Leiknisvörur

Mikið úrval af vörum úr enska boltanum

Úlpur og skíðagallar frá kr. 12.990.-

Leiksport Hólagarði
Sími 5575020

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

# Stórglæsilegt Jólamót Nettó og ÍR í minnibolta

**Leikið var samtímis á fjórum körfuboltavöllum í íþróttahúsi ÍR við Seljaskóla/Hertz hellinum í 22 klukkutíma á fjörugu Jólamóti Nettó og ÍR í minnibolta sem fram fór helgina 29. til 30. nóvember s.l. Strákar 11 ára og yngri léku á laugardeginum og stúlkur á sama aldri mættu svo til leiks á sunnudeginum.**

Metþátttaka var í mótinu en um 800 krakkar voru skráðir til leiks í 140 liðum frá 35 félögum. Frábær andi ríkti á mótinu og leikgleðin mikil hjá körfuboltakrökkum framtíðarinnar. Allir þátttakendur fóru glaðir heim með verðlaunapening og nesti frá Nettó sem var aðalstyrktaraðili mótsins. Mót sem þetta er stórvirki í framkvæmd en alls lögðu um 100 sjálfboðaliðar körfuknattleiksdeildar ÍR fram vinnu við mótið. Stöðugur vöxtur mótsins undanfarin ár gefur til kynna að þátttakendur, þjálfarar og foreldrar séu ánægðir með framkvæmd mótsins og komi ár efir ár til þátttöku í skemmtilegum körfuboltaviðburði í Breiðholtinu. Jólamót Nettó og ÍR í minnibolta er enn ein sönnun þess hve íþróttastarfið hjá ÍR er fjölbreytt og öflugt.



Einbeitning og krafturinn leyna sér ekki hjá ungu strákunum.



Stelpurnar gáfu heldur ekkert eftir.

1X2

GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

# JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

*Danskur normannspinur – stór og falleg jólatré*



**EITT TRÉ Á MANN!**

**4980** kr. stk.

**DANSKUR NORMANNSÞINUR**
**160–220 cm**

PIPAR\TBWA • SÍA • 144471

**JÓLATRÉN FÁST FRÁ OG MEÐ 12. DES.**
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.
**Eitt verð fyrir allar stærðir.**

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

Iceland